

# TIL FORELDRA ÁLFHÓLSSKÓLA



# FFÁ

## Hvað er það?





## Velkomnir allir foreldrar !

Við upphaf skólaárs langar okkur í nýkjörinni stjórn Foreldrafélags Álfhólsskóla (FFÁ) að koma á framfæri upplýsingum um vetrarstarfið og hvað FFÁ stendur fyrir? Með þessu fluguriti viljum við einnig koma til móts við þarfir foreldra fyrir upplýsingum um þátttöku þeirra í starfinu, réttindi og skyldur. Aðalatriðið er að foreldrum við skólann finnist þeir vera fullgildir þátttakendur í skólastarfinu, bæði við undirbúning þess og framkvæmd frá fyrsta skóladegi. **Skólaganga barnanna okkar í vetur er í húfi.**

Í nýrri Aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir að mikilvægt sé að starfsfólk skóla, nemendur og foreldrar vinni vel saman að mótu þessa samfélags og þeirra umgengnisháttu sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan. „Til þess að það gangi vel þarf að ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið“. Það er ætlan okkar með þessu bréfi að foreldrar í Álfhólsskóla geti frá fyrsta skóladegi tekið virkan þátt í því að móta skólastarfið og þær áherslu sem við viljum leggja upp með í vetur. „Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti, og upplýsingamiðlun beggja aðila, sameiginlegum ákvörðunum og samábyrgð“, eins og stendur í Aðalnámskránni.

Það er því ekkert að vanbúnaði en setja sig í startholurnar og taka virkan þátt í foreldrastarfi FFÁ í vetur og hafa í huga að allt er þetta gert **til að skapa góðan skólabrag**, bæta líðan barnanna okkar og að skólagangan verði farsæl. Við í stjórn FFÁ munum leggja okkur fram um að starfið sé vel kynnt svo foreldrum finnist bæði auðvelt og gefandi að taka þátt.

Við viljum nota tækifærið og bjóða nýja foreldra og nemendur þeirra sérstaklega velkomna í Álfhólsskóla 2013-2014.

*Gleðilegt skólaár,  
stjórn FFÁ*

## leitið upplýsinga

**Heimasíða FFÁ** á netinu er á heimasíðu Álfhólsskóla [www.alfholsskoli.is/foreldrar](http://www.alfholsskoli.is/foreldrar) en þar er hægt að fá allar upplýsingar um starfsemi FFÁ, nafnalista, fundargerðir, nefndir, verkefni, fréttabréf FFÁ og viðburði.

## Mikilvægi skólaforeldrar



Það hefur lengi verið vitað að áhrif foreldra á námsrárangur og líðan barna væru mikil og þar skipti meira máli hvað

maður gerir sem foreldri heldur en hver maður er. Niðurstöður rannsókna sýna að samskipti foreldra og skóla hafa jákvæð áhrif á skólastarf. Þegar foreldrar nemenda í hverjum bekk (eða skóla) ná að stilla saman strengi um meginviðmiðanir í uppeldismálum aukast líkur á árangri í skólastarfinu, þ.e. námsrárangri, almennri velferð nemenda og forvörnum.

**Ávinnungur samstarfs heimili og skóla er meðal annars:**

- Betri líðan barna í skólanum
- Aukinn áhugi og bættur námsrárangur
- Aukið sjálfstraust nemenda
- Betri ástundun og minna brottafall
- Jákvæðara viðhorf foreldra og nemenda til skólans
- Aukinn samtakamáttur foreldra í uppeldis- og menntunarhlutverkinu

## FFÁ - Foreldrafélag Álfhólsskóla 2013-2014

Stjórн Foreldrafélags Álfhólsskóla

ffalfhol@gmail.com



Guðni R Björnsson,  
formaður og fulltrúi  
stjórnar í SAMKÓP  
gudnir@internet.is  
s. 899 0253



Berglind Svaravardottir,  
ritari, tengiliður  
við efsta stig  
berglind@acta.is



Hörður Sigurðsson,  
varaformaður,  
tengiliður við miðstig  
hs@icepharma.is



Karl Einarsson,  
gjaldkeri, tengiliður  
við miðstig  
karleinars75@gmail.com



Hólmlíður Einarsdóttir,  
meðstjórnandi,  
fulltrúi FFÁ í Skólaráði,  
tengiliður við efsta stig  
he@islandsbanki.is



Lárus Axel Sigurjónsson,  
meðstjórnandi, tengiliður  
við yngsta stig  
larusaxel@gmail.com



Sigurður Grétarsson,  
meðstjórnandi,  
tengiliður yngsta stigs  
siggret@gmail.com



Anna María  
Bjarnadóttir,  
varamaður  
ankar@simnet.is



Brynhildur  
Grímsdóttir,  
varamaður  
bg@ispolar.is



Íris Leósdóttir,  
varamaður  
irislena@simnet.is

### Varamenn í stjórн FFÁ



## Hlutverk FFÁ er m.a.:

- Að sjá um starfsemi foreldrafélaga skv. grunnskólalögum nr 91/2008
- Að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla
- Að hvetja til virkrar þátttöku foreldra í skólastarfinu
- Hagsmunagæsla, aðhald og eftirlit með skólastarfinu
- Tengsl og samvinna við skólastjórnendur
- Tengsl og umsjón með störfum bekkjarfulltrúa (fulltrúaráð)
- Tengsl við fulltrúa foreldra í skólaráði og skólanefnd sveitarfélagsins
- Ábyrgð á skipulagningu og boðun fulltrúaráðsfunda í foreldrasamfélaginu
- Tengsl við nemendaráð og hagsmunagæsla vegna nemenda
- Tengsl við aðila utan skólans m.a. aðila í grenndarsamfélagagrinu og stjórnsýslunni
- Tengsl fulltrúa foreldrafélagsins við svæðisráð foreldra og landssamtök foreldra
- Koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál.
- Standa að upplýsingamiðlun til foreldra með útgáfu ÁLFHÓLS, fréttabréfs FFÁ.
- Halda úti svæði foreldrafélagsins á heimasíðu Álfhólsskóla [www.alfholsskoli.is](http://www.alfholsskoli.is) þar sem birtar eru fundargerðir og annað sem tengist þátttöku foreldra.
- Styðja og efla hverja þá starfsemi sem stuðlar að auknum þroska nemenda og eflir forvarnarstarf í samfélaginu.
- AÐALFUNDUR ER HALDINN AÐ VORI

## Heilsurækt foreldrafélagsins

Foreldrafélag Álfhólsskóla stendur fyrir heilsurækt í íþróttahúsi HK í Digranesi í veturna eins og mörg undanfarin ár. Þar stunda foreldrar og aðrir áhugasamir leikfimi sem er fjölbreytt og skemmtileg, undir stjórn Láru Sveinsdóttur íþróttakennara. Lögð er áhersla á þolfimi, palla, þrek- og teygjuæfingar. Mjög vel hefur verið mætt í heilsuræktartímana undanfarin ár enda er þetta án efa ein ódýrarasta og besta líkamsrækt sem völ er á. Heilsuræktin fylgir skóladagatalinu. Tímarnir verða x 3 í viku og verða upplýsingar um tímasetningar sendar til allra foreldra/aðstandenda með tölvupósti innan skamms. Verði er stillt í hóf og kostar öll haustönnin aðeins 10.000 kr. (september – desember). Foreldrar eru hvattir til að mæta í Digranes og nýta sér góða heilsurækt í nálægð við heimili sín.



## **Stjórn FFÁ**

Samkvæmt lögum skal foreldrafélag starfa við grunnskóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í **stjórn félagsins** og kosningu fulltrúa í Skólaráð. Allir foreldrar skólans hafa rétt til kjörs á aðalfundi FFÁ.



Aðalfundur FFÁ á vorin og er formaður kosinn sérstakiega og til eins árs í senn. Með því að halda aðalfund að vori er verið að gefa nýrri stjórn færi á að skipulegga foreldrarstarfið frá fyrsta degi skólaársins. Öflugt hauststarf FFÁ gefur tóninn fyrir það sem koma skal.

## **Bekkjarfulltrúar FFÁ**

Bekkjarfulltrúar ásamt fulltrúum foreldra í skólaráði og stjórn mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Stjórn foreldrafélagsins ber ábyrgð á kjöri fulltrúanna og þeir starfa á vegum foreldrafélagsins sem setur þeim starfsreglur. Hlutverk **bekkjarfulltrúa** er að efla og styrkja starf foreldra innan bekkjarins og tryggja góð samskipti foreldra, nemda og starfsfólks skólans. Á hverju hausti skal kjósa bekkjarfulltrúa í hverjum bekk, 2 aðalmenn og 2 til vara.



## **Skólaráð Álfhólsskóla**

Á vettvangi Skólaráðs koma foreldrar að móturn skólastarfins. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald og tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og móturn sérkenna hans. Skólaráð fær m.a. til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Foreldrar eru því virkir í hugmyndavinnu og ákvarðanaferlinu frá byrjun. **Fulltrúi foreldra í Skólaráði er kosinn á aðalfundi og einn til vara.** Skólaráð skipar einnig *einn fulltrúa foreldra úr nærsamféluginu í Skólaráð.*



## **Samkóp**

Samstarfsvettvangur **allra foreldrafélaga** grunnskóla í Kópavogi er SAMKÓP og á skv. lögum SAMKÓP einn úr stjórn hvers foreldrafélags fast sæti á aðalfundi. Fulltrúi Álfhólsskóla 2013-2014 er Guðni Björnsson, formaður FFÁ.

## **Skólanefnd Kópavogs**

Á vettvangi SAMKÓPS er valinn árlega einn fulltrúi foreldra sem áheyrnafulltrúi í skólanefnd



Kópavogs. Þar gætir fulltrúinn hagsmuna foreldrafélaganna en viðkomandi fær greiðslur fyrir fundarsetur eins og aðrir fulltrúar bæjarins.



# 6 úr vetrardagskrá FFÁ

## Hauststarfið

Mikilvægt er að foreldrastarfið fari vel af stað á haustin eða um leið og skólinn er settur. Fyrstu vikurnar eru foreldrar að kynnast nýjum hlutum í nýju umhverfi nemenda; nýr kennari, nýtt kennsluefni, nýr bekkur eða annað húsnæði. Þá leggur FFÁ áherslu á að aðstoða foreldra og bekkjarfulltrúa í bekkjum til að skipuleggja starfið og ákveða vetrardagskrá.

## Kosning bekkjarfulltúa

Byrja þarf á því að finna bekkjarfulltrúa í öllum bekkjum og hefur FFÁ lagt til að kosning þeirra fari fram á fyrstu dögum skólahaldsins. Í hverjum bekk eru 2 aðalmenn og 2 til vara þótt æskilegt sé að þeir séu allir virkir og skipti með sér verkum en þannig verður starfið léttara og skemmtilegra.

## Foreldrasáttmálinn - bekkjarstarf

Bekkjarfulltrúar eru boðaðir á fulltrúaráðsfund í byrjun september þar sem farið er yfir bekkjarstarfið, hlutverk bekkjarfulltrúa og áherslur starfsins fram að jólum. Á fundinum verður einnig kosið í nefndir og verkefnahópa. FFÁ leggur áherslu á að allir bekkir verði búinir að yfirfara Foreldrasáttmálann með foreldrum bekkjanna í lok september.

## Foreldrarölt, nefndir og fræðsla

Foreldrarölt er eitt af mikilvægustu verkefnum okkar og er skipulagt frá fyrstu viku skólastarfsins. Foreldrafræðsla um mismunandi áherslur skólastiganna verður í vetur, fyrir unglungastig, miðstig og yngsta stig, þar sem til umfjöllunar eru sérkenni hvers aldursstigs og hvernig starfsfólk skólans vinnur með nemendum eftir aldri og þroska.

## Fastir liðir í dagskrá

Desemberfjör: 23. nóvember verður árlegur jólaundirbúnin og með laufabrauðsgerð, föndri, vöflusölu 9. bekkjar og skemmtiatriðum.

Páskabingó: Hið vinsæla páskabingó er á sínum stað 5. apríl

Aðalfundur FFÁ að vori verður dagsettur síðar en vorhátið Álfhólsskóla er á sínum stað þar sem foreldrar aðstoða starfsfólk skólans við pulsugrill og annað vorlegt uppistand.



Útgefandi: FORELDRAFÉLAG ÁLFHÓLSSKÓLA 2013

ffalfhol@gmail.com

